

Geðhjálp fagnar hæstaréttardómi

Félagið Geðhjálp fagnar dómi Hæstaréttar í gær í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun og segir að öryrkjar hafi með dómnum fengið uppreisn æru. Segir félagið að hátt hlutfall allra öryrkja sé það vegna geðraskana. Geðsjúkdómar færast stöðugt ofar í lista þeirra sjúkdóma sem valdi mestri örorku og séu samkvæmt Alþjóða heilbrigðismálastofnunni nú í öðru sæti.

Geðhjálp segist í ályktun sinni gleðjast fyrir hönd skjólstæðinga sinna og allra öryrkja yfir því að nú skuli loksins hafa reynt á stjórnarskrárbundinn rétt þeirra og það misrétti sem þeir hafi búið við undanfarin ár vegna skertrar tekjutryggingar leiðrétt. Dómurinn sé mikið fagnaðarefni fyrir öryrkja og hvatning til þeirra sem vinni að hagsmunagæslu og forvörnum.